



Minnisblað

Dagsetning 5. október 2021

Höfundur: Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs

Meðhöfundar: Anna Ingadóttir, Bragi Bjarnason, Gunnar E. Sigurbjörnsson, Heiða Ösp

Kristjánsdóttir og Kristín Björk Jóhannsdóttir.

Viðtakandi: Fræðslunefnd Árborgar

Málsnúmer 2109039

Efni. Minnisblað fjölskyldusviðs varðandi innleiðingu laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna

Á 36. fundi fræðslunefndar, miðvikudaginn 8. september 2021, var erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. ágúst 2021, lagt fram. Þar hvetur stjórn sambandsins sveitarfélög til þess að hefja undirbúning innleiðingar laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Slíkur undirbúningur getur falið í sér endurskoðun verkferla með aukinni áherslu á samhæfingu verklags þvert á svið. Jafnframt rætt um að hlutverk sambandsins sé að miðla upplýsingum frá sveitarfélögum sem þegar eru komin áleiðis í sambærilegri vinnu auk upplýsinga frá félagsmálaráðneytinu um framgang innleiðingar laganna.

Á 36. fundi fræðslunefndar var eftirfarandi bókað undir þessu dagskrárlið.

Vegna beiðni um upplýsingamiðlun til Sambandsins leggur sviðsstjóri fram eftirfarandi bókun:

Fjölskyldusvið Árborgar hefur unnið markvisst að því á undanförunum mánuðum að efla þverfaglegar áherslur og samhæfa verklag þvert á deildir í anda snemmtæks stuðningsvið börn og unglinga. Sú vinna er í anda nýrra laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Styrking og þróun á ráðgjafarteymi leikskólanna í Árborg er eitt dæmi af mörgum um aukna samþættingu. Þar er um að ræða þverfaglegt teymi sem kemur saman einu sinni í viku með einum leikskóla í senn. Í teyminu sitja, leikskólastjóri, sérkennslustjóri, deildarstjórar í viðkomandi leikskóla, sálfræðingur, leikskólaráðgjafi og talmeinafræðingur frá skólaþjónustu. Einnig situr kennsluráðgjafi fjölmenningar ef þörf þykir. Frá félagsþjónustu koma ráðgjafarþroskaþjálfari og félagsráðgjafi og frá heilsugæslu kemur hjúkrunarfræðingur frá ung- og smábarnavernd. Markmið fundanna er að vera ráðgefandi fyrir starfsfólk í leikskólum og stuðla að snemmtækum stuðningi við leikskólabörn og forráðamenn þeirra. Frekari upplýsingar um þróunarstarf fjölskyldusviðs, sem er jafnframt undirbúningur að innleiðingu farsældarlaganna, eru m.a. aðgengilegar í nýlegri stöðuskýrslu fjölskyldusviðs.

https://www.arborg.is/media/skjol/stoduskysrsla_arborg_vefur.pdf



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Fjölskyldusvið


Fræðslunefnd óskar einnig eftir minnisblaði þar sem gerð er frekari grein fyrir þessari vinnu á fjölskyldusviði.

Sama erindi var lagt fram á 27. fundi félagsmálanefndar, miðvikudaginn 8. september 2021, og þar var eftirfarandi bókun lögð fram:

Félagsmálanefnd fagnar því að innleiðingarvinna sé langt kominn hjá sveitarfélaginu Árborg.

Fjölskyldusvið Árborgar hefur unnið markvisst að því að efla þverfaglegar áherslur og snemmtækan stuðning við börn og unglinga en til að ná árangri á því sviði er lögð áhersla á að sem flestir, sem koma að málefnum barnanna, vinni þétt saman. Hér gefur að líta stutt yfirlit yfir verkefni og vinnu á fjölskyldusviði sem auðveldar alla vinnu við innleiðingu á nýjum lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna:

Þverfagleg teymisvinna. Fjölskyldusvið hefur verið að móta og innleiða verklag sem styður við þverfaglega teymisvinnu sérfræðinga þvert á svið og stofnanir í málefnum barna með sérþarfir og fjölskyldna þeirra sem hafa þörf fyrir samþætta og heildstæða þjónustu. Sérstaklega hefur verið horft til þess að tryggja þverfaglega aðkomu sérfræðinga fjölskyldusviðs þegar barn fær fötlunargreiningu, við aldurstengd skólaskil, við flutning í sveitarfélagið, við mat á þörf fyrir sértækt námsúrræði og ef um sérstakt álag er að ræða í nærumhverfi.



Markmið með þverfaglegri nálgun fjölskyldusviðs er að styðja stuðningsteymi við gerð þverfaglegrar stuðningsáætlunar í takt við áherslur í lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Veita í því samhengi leiðsögn við mótun og innleiðingu þverfaglegs samstarfs og lausnánlgunar hjá leik- og grunnskólum, skóla-, frístunda-, félags- og



heilbrigðisþjónustu. Veita fulltrúum í stuðningsteymi starfstengda leiðsögn, eftirfylgd og fræðslu í takt við þörf og aðstæður í hverju máli. Ábyrgð skólastjórnenda í leik- og grunnskólum er að hafa frumkvæðið að slíku þverfaglegu samstarfi með því að gera formlega beiðni til fjölskyldusviðs Árborgar.

Umsóknir um þverfaglega aðkomu sérfræðinga fjölskyldusviðs fara í gegnum nemenda-verndarráð hvers grunnskóla og ráðgjafarteymi hvers leikskóla. Umsóknir eru teknar fyrir á þverfaglegum afgreiðsluvettvangi fjölskyldusviðs þar sem málið er kortlagt og þarfir greindar fyrir aðkomu sérfræðinga. Að slíku matsferli loknu er málið sett til viðeigandi ráðgjafa, málstjóra og/eða teymis sérfræðinga þvert á svið sem vinna í nánú samstarfi við teymisstjóra í stuðningsteymum barna í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins.

Stuðningssteymi barns leggur mat á þörf fyrir endurskoðun á þjónustu á grunni þverfaglegrar stuðningsáætlunar og stöðu máls í framhaldi ráðgjafar og eftirfylgdar. Aukið aðgengi að ráðgjöf, fræðslu og eftirfylgd styður við þekkingaruppbyggingu og sérhæfingu sveitarfélagsins í veita samþætta og samfellda gæðaðþjónustu fyrir börn og fjölskyldur þeirra.



Samstarfsteymi fjölskyldusviðs, HSu og BUGL. Þverfaglegt samstarfsteymi fjölskyldusviðs, HSu og BUGL fundar á sex vikna fresti og á undanförunum mánuðum mest með fjarfundaformi. Í teyminu sitja deildarstjóri skólþjónustu, sem er teymisstjóri, sálfræðingar og félagsráðgjafar á fjölskyldusviði og ráðgjafarþroskajálfi ef þörf þykir. Frá HSu sitja sálfræðingar, barnalæknir, heimilislæknir, hjúkrunarfræðingur frá ung- og smábarna-vernd og skólahjúkrunarfræðingar. Frá BUGL sitja læknir og félagsráðgjafi. Teymið tekur fyrir mál barna og fjölskyldna þeirra sem hafa þörf fyrir þjónustu frá mörgum kerfum. Þarna koma sérfræðingar saman sem koma að einstaka málum og stytta með því allar boðleiðir og biðtíma eftir þjónustu. Mikilvægt er að hafa aðgengi að BUGL á þessum fundum en sérfræðingar þeirra koma oft með ráðleggingar sem auðvelda allt samstarf fagaðila í Árborg sem vinna að málefnum barna sem þiggja þjónustu frá BUGL.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Fjölskyldusvið

Þverfaglegur vinnuhópur vegna barna með fjölþættan vanda. Á síðasta ári var stofnaður þverfaglegur vinnuhópur á fjölskyldusviði til að skoða málefni barna á aldrinum 10-16 ára með fjölþættan vanda sem hafa ekki fengið inngöngu í frístundaklúbbinn Kotið. Niðurstaðan að þeirri vinnu er ánægjuleg en nú hefur verið stofnaður frístundaklúbbur sem sinnir þessum hópi barna.

Frístundapjónusta. Stóraukið samstarf félagsmiðstöðvar við grunnskóla og félagsþjónustu. Þróun á sér-stuðningsúrræði félagsmiðstöðvar. Þá hefur verið unnið að eflingu fagstarfs og fagþekkingar innan frístundaheimilanna. Nú er í boði stóraukið hópastarf og annað skipulegt frístundastarf. Stuðboltaverkefnið er eitt dæmi um fjölþætt hópastarf um kvíða á frístundaheimilum. Þá er byrjað á því að innleiða frístundalæsi á frístundaheimilum og frístundaklúbbum. Aukinn og markvissari stuðningur er í boði við einstaklinga með sérþarfir í vinnuskóla og öðrum sumarstörfum. Ný staða umsjónarmanns stuðningsúrræða er nú hjá vinnuskólanum. Einnig hafa stuðningsúrræði verið eflað hjá frístundaheimilum, m.a. ný staða yfirproskapjálfa. Loks hefur hópa- og klúbbastarfi eflst verulega í félagsmiðstöðinni. Sérstaklega notast við hlutverkaleiki og spil sem verkfæri í vinnu með ungmennum með félagsvanda.

Skólaþjónusta. Ráðgjafarteymi leikskólanna hefur verið að eflast, m.a. þverfagleg samvinna, snemmtækur stuðningur og ráðgjöf. Aukin þjónusta er við skóla og forráðamenn í málefnum barna af erlendum uppruna, m.a. nýr fjölmeningarvefur og nýlega var lokið við handbók fyrir leik- og grunnskóla vegna móttöku barna af erlendum uppruna. Skólaþjónustan hefur unnið markvisst að því að auka tækifæri til þverfaglegrar samvinnu og eflingu ráðgjafar innan skólaþjónustu í samstarfi við aðrar deildir fjölskyldusviðs. Á undanförunum árum hefur Stöðumat verið unnið af þremur sveitarfélögum. Þar er um að ræða tæki til að leggja mat á námshæfni, þekkingu og reynslu nemenda af erlendum uppruna á þeirra tungumáli

Mikil áhersla er lögð á ráðgjöf við starfsfólk leik- og grunnskóla og foreldra. Einnig hefur verið unnið markviss að innleiðingu á SIS mati fyrir börn og þverfaglegt samstarf í kringum það verkefni. Góð eftirfylgd er með breyttu verklagi hjá skólaþjónustu og skólum sem dregur úr dýrum og viðamiklum greiningum sem er forsenda fyrir öflugri ráðgjöf, snemmtækum stuðningi og námskeiðahaldi fyrir börn og foreldra

Barnavernd. Aukin áhersla á vinnu við mótun verklags, enn frekari efling teymisvinnu og mótun fræðsluáætlunar fyrir þær stofnanir sem starfa með börnum. Nú þegar hefur verið fræðsla fyrir sjúkraflutninga HSu, bráðamóttöku HSu, leikskóla og dagforeldra. Á vordögum fóru starfsmenn barnaverndar ásamt fulltrúum lögreglunnar með fræðslu inn í alla 7., 8. og 10. bekki grunnskóla Árborgar. Þar var aðaláherslan á starfrænt kynferðislegt ofbeldi og rætt um hvernig myndir, sem deilt er á samfélagsmiðlum, geta hæglega farið í mikla dreifingu.

Félagsleg ráðgjöf. Unnið hefur verið að því á undanförunum mánuðum að sérhæfa starfsfólk verði innan félagslegrar ráðgjafar og ráðinn hefur verið ráðgjafi sem sinnir sérstaklega barna- og fjölskyldumálum, veitir almenna ráðgjöf til fjölskyldna og sinnir málstjórn innan almennra félagsþjónustumála. Vinna er hafin við endurskoðun reglna innan allra málaflokka félagsþjónustunnar í samræmi við nýlega löggjöf og stefnu fjölskyldusviðs um snemmtækan stuðning og forvarnarstarf.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Fjölskyldusvið

Unglingaráðgjafi. Nýlega var sett á laggirnar verkefni unglunga- og ungmennaráðgjafa í samvinnu við Vinnu- málstofnun. Starfið er þvert á deildir fjölskyldusviðs og samræmist vel stefnu sviðsins um að hafa þjónustuna aðgengilega, koma henni að á fyrri stigum, með góðri teymisvinnu milli deilda og alltaf með hagsmuni unglunganna að leiðarljósi. Ráðgjafinn býður upp á ráðgjöf til foreldra og unglunga. Hægt er að bjóða upp á markvissa ráðgjöf á fyrri stigum vanda er upp kann að koma, svo sem vegna áhættuhegðunar og vanlíðunar. Með slíku vinnulagi er oft hægt að koma í veg fyrir að mál verði jafnvel að barnaverndarmáli og góð samvinna er við grunnskólana. Boðið er upp á viðtalstíma í skólunum fyrir m.a. foreldra og unglunga. Leiðarljósið er alltaf að vinna að snemmtækum stuðningi og ráðgjöf þegar áhyggjur vakna af velferð ungling. Ráðgjafinn vinnur í nánú samstarfi við lögreglu og starfsmenn félagsmiðstöðva og er jafnframt stuðningur við hópastarf í félagsmiðstöðinni. Unglingaráðgjafi vinnur einnig með öðrum kerfum og stofnunum í sveitarfélaginu.

Landshlutateymi Suðurlands. Um er að ræða þróunarverkefni í samræmi við framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017–2021 sem stendur til næstu áramóta. Aðilar að samningnum eru Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, fjölskyldusvið Árborgar, Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings. Landshlutateymið byggir á þverfaglegu samstarfi fulltrúa félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu frá hverju svæði sem mynda samstarfsteymi. Verkefnið er liður í því auka þekkingu á svæðinu og stuðla að heildstæðri þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra í heimabyggð. Verkefninu er ætlað að styðja við samvinnu og samráð á milli Greiningar- og ráðgjafarstöðvar og þjónustuaðila í heimabyggð við greiningarferli, eftirfylgd, um íhlutunarleiðir, ráðgjöf og skipulag fræðslu til að stuðla að sérhæfðri þekkingaruppbyggingu. Nú þegar er ákveðinn ávinningur kominn í ljós á fjölskyldusviði Árborgar:

- Fræðsla, svo sem um notkun SIS mats, hefur stutt við verkefnið og skapað sameiginlega sýn hjá starfsfólki
- Verklag og hlutverk orðin skýrari í átt að samþættri þjónustu
- Lögð hefur verið áhersla á að verklagið eigi við allar deildir og öll mál fjölskyldusviðs
- Ávinningurinn er einnig samlegðaráhrif við almenna breytingavinnu á fjölskyldusviði
- Aukið samtal á milli þjónustusvæða Suðurlands í gegnum verkefnið þar sem tækifæri gefst til samtals og þverfaglegrar ígrundunar með aðkomu GRR og annarra sveitarfélaga
- Fræðsla hefur verið til skólanna í Árborg og starfsmanna fjölskyldusviðs
- Almenn jákvæðni er gagnvart verkefninu og innleiðingu þess
- Aukin þekking hefur skapast á nýjum lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.

Verkferlar í endurskoðun. Eins og þegar hefur komið fram er hér á fjölskyldusviði Árborgar verið endurskoða allt verklag í anda nýrra laga um samþættingu á þjónustu í þágu farsældar barna. Við erum í raun komin nokkuð langt í þælingum okkar og vinnu við útfærslur. Vinna okkar með fagteymum frá skóla-, félags- og heilbrigðisþjónustu gengur út á að móta verkferla innan kerfa og á milli kerfa sem styðja við að samþætt þjónusta hefjist sem fyrst í ferlinu. En það er einmitt þessi áhersla á að þjónustukerfin geti haft samráðsvettvang til að taka mál



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Fjölskyldusvið

fyrir sem er svo mikilvægt að festa í sessi innan sveitarfélagsins og styrkja þannig þverfaglega nálgun og samvinnu.

Við erum með ákveðnar hugmyndir um verkaskiptingu á milli tengiliða, oftast milli-stjórnendur eða yfirþroskajálfar í leik- og grunnskólum, og málstjóra frá félagsþjónustu. Tengiliður gegni áfram mikilvægu hlutverki í stuðningsteyminu hvað varðar boðun funda og utanumhald hvað varðar skólamálin þegar málið færist á 2. eða 3. stig. Við höfum verið að þróa okkar sniðmát af stuðningsáætlun en vissulega verður spennandi að sjá hvernig ráðuneytið mun styðja við að hægt verði að vinna rafrænt saman í skjali.

Unnið er að því m.a. að innleiða verklag við gerð stuðningsáætlana samkvæmt lögnum, sérstaklega hvað varðar verkaskiptingu á milli málstjóra og tengiliðs. Þá erum við að skoða hvernig hægt er að styðja best við samþættingu þjónustu um leið og tilvísun til GRR er samþykkt, að vinnsla málsins hefjist þá á 2. stigi en ekki þegar greining liggur fyrir eftir að jafnaði 1,5 ár - 2 ár. Einnig að skoða verkferla á milli tilvísanda hjá skólajónustu og fulltrúa í málefnum fatlaðs fólks þegar barn fær fötlunargreiningu frá GRR. Hvernig við tryggjum að málin fari í samþætta vinnslu. Mál eru því miður stundum að tynast í kerfinu.

Vangaveltur

- Hvernig farsældarlögin vinna með lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir
- Hvort verklagið sé þannig að ætíð eigi að byrja á því að fá skriflega beiðni foreldra um samþættingu þjónustu
- Hvort beiðnaform og fleira sem snýr að verklagi verði samræmt á landsvísu
- Á einnig að vera skrifleg beiðni um tengilið máls á 1. stigi?
- Hvaða áhrif það muni hafa á samstarf við foreldra hvað varðar samþættinguna þegar barnaverndin tekur yfir mál eins og skilja má barnaverndarlögin.
- Hvernig innleiðingarferlið er hugsað hjá ráðuneytinu, hvar á að byrja?
- Hvernig tryggja á aðgengi að málstjórum í samþættingu þjónustu, að til sé starfsfólk til að taka við því hlutverki
- Börn sem við munum vinna með á 2. stigi falla mörg hver ekki undir viðmið SIS - C mats á stuðningsþörfum sem Jöfnunarsjóður notar til að útdeila fjármagni til grunnskóla. Á sama tíma og greiningin hefur í för með sér verulegar stuðningsþarfir umfram jafnaldrá í skólastarfi jafnt sem daglegu lífi.
- Stuðningsúrræði eru í dag mörg hver bundin við að greiningin falli undir lög um málefni fatlaðs fólks. Þannig að huga þarf að aðgengi að stuðningsúrræðum út frá stuðningsþörf fremur en fötlunargreiningu í innleiðingarferlinu á lögnum og tryggja viðeigandi fjármagn í slíka hugsun og útfærslu.

Ábendingar er varðar fjármögnun, úrræði og heilbrigðisþjónustu ríkisins. Það er ljóst að til að ná fram markmiðum með lögnum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna þarf að koma til stóraukið fjármagn til sveitarfélaganna en tryggja þarf stöður málstjóra og að mönnun sé góð í leik- og grunnskólum sem og hjá félagsþjónustu og skólajónustu.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Fjölskyldusvið

Stór hluti af því að hægt sé að vinna af krafti í nærsamfélaginu, í anda snemmtæks stuðnings við börn og unglinga, þurfa úrræði og öll þjónusta, sem ríkið ber ábyrgð á, að vera til staðar án langra biðlista. Því miður er það ekki staðan í dag á BUGL og Þroska- og hegðunarstöð. Þá eru úrræði á vegum Barnaverndarstofu af skorum skammti. Ef ekki er brugðist flótt og vel við þegar vandi barna er alvarlegur er hætt við að mikill tími og orka fari í þau verkefni hjá starfsfólki skóla, skólaþjónustu og félagsþjónustu sem kemur niður á vinnu í anda snemmtæks stuðnings.

Einnig er rétt að koma því á framfæri að svo hægt sé að vinna vel með börn er glíma við alvarlegan og fjölpættan vanda er nauðsynlegt að öflug heilbrigðisþjónusta og úrræði séu alltaf í boði. Þrátt fyrir að stjórnendur í skóla- og velferðarmálum hafi lengi kallað eftir slíku hefur lítið gerst. Af þessu má sjá að ekki er nóg að efla þverfagleg nálgun í nærumhverfi barnanna heldur þarf ríkið að vinna í sama anda, það kallar á umbótastarf og öfluga starfsþróun m.a. um þverfaglega teymisvinnu. Auk þess þarf að setja stóraukið fjármagn í úrræði og heilbrigðisstofnanir er sinna börnum. Sem dæmi þá eru biðlistar hjá HSu eftir sálfræðiþjónustu fyrir börn margir mánuðir og upp á síðkastið hafa biðlistar eftir talmeinaþjónustu við börn með alvarlegar málproskaraskanir verið allt of langir og þá ekki síst vegna regluverksins hjá Sjúkratryggingum Íslands.

Óskað hefur verið eftir samtali við félagmálaráðuneytið um ýmis úrlausnarefni og álitamál en enn hefur ekki verið hægt að verða við ósk okkar þar sem ekki er búið að mynda innleiðingarteymi ráðuneytisins vegna samþættingarinnar. Það er umhugsunarefni að ráðuneytið sé ekki komið lengra þar sem lögin taka gildi um áramót. Það veldur áhyggjum og spurning hvort eftirfylgd og stuðningur við sveitarfélögin verði kannski í skötulíki. Fjölskyldusvið Árborgar hvetur yfirvöld félags- og heilbrigðismála hér á landi að blása til sóknar svo þetta ófremdarástand bitni ekki á börnunum og geri okkur öllum erfitt fyrir að vinna vel að innleiðingu laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.